

# Úr dulardjúpum menningarinnar

„Einkenni samtímans er, að reglubundnum skilningi fer fram, en forneskjan þokar.“<sup>1</sup> Þannig kemst félagsfræðingurinn Max Weber að orði í þekktu ritgerð um „starf fræðimannsins“ frá árinu 1919. Sú mynd af rökvaðingarferli nútímans sem hér er brugðið upp og liggur frá goðsögnum, átrúnaði og hindurvitnum til upplýsingar og vísindahyggu er í meginatriðum kunnugleg, en vert er að staldra við setninguna sem fylgir beint á eftir hjá Weber: „Þessu fylgja þau sköp, að hið æðsta og göfugasta fær ekki þrífizt á almannaleið, heldur á það sér nú skjól hjá einstaklingum, annað hvort í bróðurhug manna á milli eða í dularreynslu, sem ekki er af þessum heimi“.<sup>2</sup> Hér glittir í þá díalektík sem setur mark sitt á menningu nútímans: ferli rökvaðingar og afhelgunar leiðir ekki til þess að eldri hugmyndir gufi upp eða hverfi. Öllu heldur má segja að skynsemishyggu nútímans beinlínis kalli á gagnviðbrögð og þannig taki fornar trúarhugmyndir og andlegir straumar á sig nýjar myndir, finni sér annan farveg. Lýsing Webers dregur ekki aðeins fram hvernig vettvangur hins dulræna á undir högg að sækja, heldur einnig hvernig útskýfun hins andlega getur léð straumum þess gildi innan hópa og hreyfinga sem taka gagnrýna afstöðu til menningar nútímans og leitast við að varðveita rótgróin gildi sem hún ógnar. Þetta varpar ljósi á þá þverstæðu að tímabilið þegar Weber vann að kenningu sinni um afhelgun nútímans var einn helsti blómatími dulspekihreyfinga á Vesturlöndum, nægir þar að nefna hreyfingar eins og guðspeki, spíritisma og sálarrannsóknir sem voru fyrirferðarmiklar í evrópsku menningarlífi í upphafi tuttugustu aldar.

Oft fer furðulega lítið fyrir þætti dulrænna strauma í umfjöllun fræðimanna um menningu nútímans og er ein meginástæðan án efa sú að „sjálf

<sup>1</sup> Max Weber, „Starf fræðimannsins“, *Mennt og máttur*, þýð. Helgi Skúli Kjartansson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1996, bls. 69–115, hér bls. 113.

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 113.

hugmyndin um dulhyggju og hið dulræna virðist ekki samrýmast hugmyndum okkar um menningu og hugarfar nútímans“.<sup>3</sup> Það er fræðimönnum m.ö.o. nokkur ráðgáta að hugmyndir dulspekinnar skuli hafa haft slíkt aðdráttarafl fyrir menntamenn og listamenn á mótunartíma vestrænnar nútímamennningar – og það sem verra er, þetta er á einhvern hátt pínlegt fyrir sjálfsmynd okkar, sem kjósum að skilgreina okkur sem þátttakendur í menningarlegu og vísindalegu verkefni sem er í senn gagnrýnið og framsækið.<sup>4</sup> Fyrir vikið hefur ríkt hneigð til að líta á hugmyndir dulspekinnar sem barn síns tíma, sem einskonar leifar úr menningu fortíðar er hjari áfram í nútímanum en hafi ekki mótandi áhrif á þá meginstrauma er leggi grunn að samtíma okkar. Frá slíku sjónarhorni virðist hægðarleikur að víkja þessum straumum til hliðar, á þeim forsendum að þeir séu vissulega til staðar en liggi einfaldlega utan rannsóknasviðsins hverju sinni. Þannig hafa veigamikil svið hugmynda- og menningarsögunnar legið að nokkru leyti í þagnargildi, fræðimenn sitja eftir með þægilega og kunnuglega mynd af hinni sögulegu framvindu sem ítrekað er endurtekin og staðfest. Nærvera dulspekilegra strauma í menningu nútímans er þannig ekkert launungarmál en á einhvern sérkennilegan hátt eru þeir aukaatriði, skipta ekki máli fyrir stóru myndina. Óhætt er að taka undir þá fullyrðingu Wouters J. Hanegraaff að dulspekin sé „ýkjulaust það svið sem mest hefur verið vanrækt og misskilið innan hugvísindanna, í það minnsta ef horft er til vestrænnar menningar“.<sup>5</sup> Þessi staða þekkingar leiðir þó um leið til þess að „möguleikinn – eða jafnvel líkurnar – á nýjum uppgötvunum og óvæntri nýrri innsýn er hvergi jafn mikill og einmitt hér“.<sup>6</sup> Þetta endurspeglast í greinunum sem birtast í þessu hefti *Ritsins*, sem eru nokkuð ýtarlegar og draga fram margvíslegar heimildir og hugmyndir sem fræðimenn hafa veitt litla athygli.

Vart þarf að koma á óvart að skoðanir fræðimanna séu skiptar þegar kemur að rannsóknum á dulspeki, enda hefur einn helsti sérfræðingur á rannsóknasviðinu lýst vettvanginum sem einskonar „ruslakörfu“ vest-

<sup>3</sup> Alex Owen, *The Place of Enchantment. British Occultism and the Culture of the Modern*, Chicago og London: University of Chicago Press, 2004, bls. 6.

<sup>4</sup> Hér er horft til þekktar greinar Jürgens Habermas um verkefni nútímans: „Die Moderne – ein unvollendetes Projekt“, *Die Moderne – ein unvollendetes Projekt. Philosophisch-politische Aufsätze*, Leipzig: Reclam, 1990, bls. 32–54.

<sup>5</sup> Wouter J. Hanegraaff, *Western Esotericism. A Guide for the Perplexed*, London: Bloomsbury, 2013, bls. vii.

<sup>6</sup> Sama rit, bls. vii.

rænnar þekkingar,<sup>7</sup> þar sem saman komi þær hugmyndir er flokkist undir ranghugmyndir, hindurvitni, bábiljur, kerlingabækur, ó- eða andvísindaleg lífsviðhorf og úrelta þekkingu. Myndhverfing „ruslakörfunnar“ er e.t.v. ekki jafn upphafin eða seiðandi og „dulardjúpin“ sem vísað er til í yfirskrift þessa inngangs, en hún er á margan hátt lýsandi fyrir stöðu dulspekinnar innan vestrænnar menningarsögu. Segja má að dulspekin fái að nokkru leyti breytta stöðu með upplýsingunni: á fyrri öldum var óhefðbundin þekkingarleit fordæmd sem trúvillla en frá og með átjándu öld er henni úthýst á forsendum vísindahyggju undir merkjum hjáfræði og fávisku. Við pólitískar aðstæður samtímans, þar sem æ harðar er sótt að vísindalegri þekkingu, er skiljanlegt að fræðimenn séu tortryggirnir á gildi þess að beina sjónum að þætti slíkra hugmynda í vestrænni menningarsögu. Gildir þar einu hvort horft er til þeirra strauma nútímadulspeki sem áður eru nefndir eða til rótgrónari dulspekihefða, svo sem *gnóstíkur*, *hermetíkur*, *alkemíu*, *kabbalisma*, stjörnufræði, náttúruspeki eða galdralistar, en vikið er að öllum þessum hefðum með einum eða öðrum hætti í greinunum sem hér birtast.

Á hitt ber að líta að dulspekin er samofin sögu okkar vestrænu nútíma-menningar. Fræðimenn kunna að finna hugarfró í því að líta á hugmyndir dulspekinnar sem einskonar sögulegar dreggjjar, sem í besta falli höfði til sérvitra sagnfræðinga, eða í því að afmarka þær við tilteknar hreyfingar og einstaklinga sem sökkту sér ofan í dulræn rit eða tóku virkan þátt í slíkri starfsemi. Þáttur dulspekinnar er þó víðtækari en svo og í raun má líta á hana sem einn þeirra meginþátta sem móta menningu nútímans. Þannig hefur Christopher Partridge lagt til að í stað þess að einblína á afmarkaða hópa eða skýrt skilgreindan vettvang dulspeki, sé gagnlegra að horfa til víðara sviðs þess sem kalla má „dulmenningu“ (e. *occulture*) og er í raun samofið hversdagslífi nútímans á jafn sjálfsagðan hátt og önnur svið.<sup>8</sup> Þannig ætti m.ö.o. að vera jafn sjálfsagt mál að tala um áhrif guðspeki, alkemíu eða spíritisma á skrif vestrænna listamanna og menntamanna og t.a.m. um þau áhrif sem heimspeki Nietzsches, kenningar Marx eða sálgreining Freuds kunna að hafa haft á skrif þessara sömu höfunda. Vandinn er sá að á þessu er reginmunur: tengslin við skrif Nietzsches, Marx eða Freuds eru alla jafna talin auka gildi verkanna og bera vott um framsækni

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 127.

<sup>8</sup> Christopher Partridge, „Occulture Is Ordinary“, *Contemporary Esotericism*, ritstj. Egil Asprem og Kennet Granholm, London og New York: Routledge, 2014, bls. 113–133.

þeirra, en tengslin við spíritisma, guðspeki eða aðra dulspekistrauma hafa þveröfuga virkni og virðast einna helst til þess fallin að níða af mönnum skóinn – verk hafa m.ö.o. gildi *vegna þess* að þar er tekist á við hugmyndir Nietzsches, Marx eða Freuds, en þau eru tvíbent eða vafasöm ef þar er unnið með dulpekilegar hugmyndir eða hafa í besta falli gildi *þrátt fyrir* slík tengsl.

Við þetta bætist að í hefðbundinni háskólamenntun er lítil áhersla lögð á hugmyndaheim dulpekinnar og segja má að frá og með upplýsingu hafi hún í vissum skilningi verið „heimilislaus innan akademíunnar“.<sup>9</sup> Sem fræðimenn höfum við því takmarkaða þekkingu á sögu og lykilverkum dulpekinnar og við erum á margan hátt illa í stakk búin að takast á við hugmyndaheim hennar. Valkostirnir felast í því að: a) skilgreina þessa strauða út af rannsóknarviðinu; b) gangast við tilvist þeirra en víkja þeim til hliðar sem sögulegu hismi; c) ganga til verks og reyna að ná áttum í þessum framandi hugmyndaheimi. Greinarnar sem hér birtast eiga það sameiginlegt að þar er þriðja leiðin valin. Markmiðið er ekki aðeins að draga fram mikilvægi þessara strauða, heldur einnig að leita leiða til að skilja þá og setja í samhengi. Straumarnir eru vitaskuld fjölbreytilegir og „dulspeki“ er hér notað sem jafngildi hugtaksins „esóterík“ á erlendum málum, sem á síðustu árum hefur fest sig í sessi sem einskonar regnhlífahugtak yfir þessa ólíku strauða dulrænnar og óhefðbundinnar þekkingarleitar. Greinarnar fjalla um birtingarmyndir dulspeki frá upphafi tuttugustu aldar til samtímans, þótt umfjöllunin teygi sig vitaskuld aftur til eldri hefða sem gegna lykilhlutverki í sjálfsmýnd ólíkra dulspekihreyfinga nútímans. Þegar horft er til tímabils nútímans blasir við að þekking dulpekinnar er ekki aðeins arfleifð fortíðar, heldur reynist hún samofin jafnt nýrri vísindapekkingu og strauðum nútímabókmennta og -lista.

Tvær þemagreinanna eru helgaðar því gróskumikla tímabili í upphafi tuttugustu aldar þegar íslensk nútímamenning er í mótun, en þetta er jafnframt það tímabil þegar dulspekihugmyndir eru einna miðlægastar hér á landi. Fyrstu áratugir tuttugustu aldar voru blómatími dulspekihreyfinga hér á landi, hreyfingar og samtök á borð við Guðspekifélagið, Sálarrannsóknafélagið og Tilraunafélagið gegndu veigamiklu hlutverki í menningarumræðum og dulspekin var snar þáttur í hugmyndaheimi hinn-

<sup>9</sup> Wouter J. Hanegraaff, *Western Esotericism*, bls. 2.

ar vaxandi borgarastéttar.<sup>10</sup> Bergljót S. Kristjánsdóttir fjallar um lífsspeki Þórbergs Þórðarsonar, eins þeirra íslensku höfunda sem sökkту sér ofan í rit um dulræn efni á þessum árum. Grein hennar varpar ekki aðeins nýju ljósi á þennan þátt í höfundarverkinu, sem fræðimenn hafa löngum vitað af en lítið gert með, heldur sýnir hún einnig að dulspekin er að mörgu leyti lykill að því að skilja þekkingarleit, þjóðfélagsgagnrýni og fagurfræðilega afstöðu höfundarins. Benedikt Hjartarson fjallar um rit Helga Þjeturss, *Nýal*, sem kom út í þremur bindum á árunum 1919 til 1922. Greinin tekur á margbrotnu sambandi raunvísindalegra kenninga, dulrænna trúarhugmynda og nýstárlegra tjáningaraðferða í sérstæðri „lífgeislafræði“ Helga. Greinarnar um verk Þórbergs og Helga taka þannig hvor með sínum hætti á framlagi dulpekinnar til íslenskrar menningarumræðu á tímabilinu, en vitaskuld birtist þetta framlag einnig í verkum fjölmargra annarra höfunda og listamanna. Hér leitar hugurinn m.a. að verkum Einars Jónssonar myndlistarmanns og tengslum þeirra við guðspeki og aðra dulpekistrauma. Verkið *Morgunn*, sem Einar vann á árunum 1931–1932 og prýðir forsíðu þessa heftis, er lýsandi dæmi um þátt dulpekilegra íhugana í verkum listamannsins, ekki aðeins í betur þekktum höggmyndum hans heldur einnig í málverkunum frá síðari tíma ferilsins. Myndheimurinn sver sig í ætt við norður-evrópskan sýmbólisma en í verkinu má einnig greina markvissa glímu við tákneim dulpekinnar, sem birtist m.a. í vísunum í goðsögulega heima, í gagnvirku sambandi manns og alheims og í ímyndum frjósemi, andlegrar vakningar og endurfæðingar. Tákneimurinn er torræður en lesendur munu finna einhverja lykla að túlkun á verkinu í greinum þessa heftis *Ritsins*.

Hinar þemagreinarar tvær færa okkur nær samtímanum og því tímabili sem í samhengi dulpekinnar er gjarnan kennt við nýaldarhreyfingar. Sólveig Guðmundsdóttir fjallar um hreyfingu aksjónismans í Vín og það mikilvæga hlutverk sem dulrænar trúarhefðir gegndu í hinu þjóðfélagslega uppjóri í Austurríki á eftirstriðsárunum. Tengingin kann að koma nokkuð á óvart í ljósi þess að jafnan er lítið á aksjónismann sem lýsandi dæmi um framsækna, veraldlega og ögrandi listsköpun er skori ríkjandi hefðir og siðvenjur á hólmi. Grein Sólveigar sýnir með hvaða hætti dulrænar trúarhugmyndir döfnuðu innan þess vettvangs gagnmenningar sem aksjónisminn spratt af og þjónuðu aðferðum helgimyndabrots og ögrunar við

<sup>10</sup> Hér má benda á greinargóða umfjöllun Péturs Péturssonar í greininni „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar. Þriðji hluti: Spíritisminn og dultrúarhreyfingar“, *Saga* 1/1984, bls. 93–172.

rikkjandi siðferðisleg og fagurfræðileg gildi. Loks fjallar Gísli Magnússon um skáldsögu danska metsöluhöfundarins Peters Høeg, *Den stille pige*, sem kom út 2006. Greining Gísla á hörðum viðbrögðum gagnrýnenda við verkinu sýnir að afstaðan í garð andlegra strauma og dulrænna trúarhefða markast af djúpstæðu óþoli í samtíma okkar. Greinin leggur til annars konar lestur á verkinu, þar sem leitast er við að skilja verkið út frá markvissri könnun á þeim andlegu hefðum sem þar er unnið með, en gagnrýnendur hafa lítið haft fyrir að setja sig inn í.

Þýddu greinarnar eru tvær. Í öðru tilvikinu er um að ræða frumútgáfu á grein eftir Tessel M. Bauduin, sem hefur á síðustu árum látið að sér kveða innan vettvangs nýrri rannsókna á dulspeki. Það er mikill fengur fyrir *Ritið* að fá til birtingar þessa frumsömdu grein, sem færir okkur aftur til umrótatímabilsins við upphaf tuttugustu aldar. Viðfangsefnið eru verk sænsku listakonunnar Hilmu af Klint, sem ollu nokkru fjaðrafoki þegar þau voru fyrst sýnd opinberlega árið 1986, á stórrí yfirlitssýningu um andlega strauma í nútímalist í Los Angeles og Den Haag. Síðan hafa andleg verk af Klint skapað henni nokkurn sess sem einn af frumkvöðlum abstraktlistar, en það hefur þó valdið listfræðingum nokkrum heilabrotum að listakonan málaði verkin að eigin sögn í miðilsleiðslu. Bauduin víkur ekki aðeins að margbrotnu sambandi miðilsstarfsemi og óhlutbundinnar listsköpunar, heldur varpar hún jafnframt nýju ljósi á miðilshlutverkið og tengsl þess við sjálfsmýnd og kyngervi listakonunnar. Hin greinin er eftir Andreas B. Kilcher og hefur að geyma safn af þekkingarfræðilegum rannsóknartilgátum um dulspeki. Greinin er í senn ögrandi tilraun til að ná utan um þetta víðfeðma efni og beitt framsetning á þeim lykilspurningum sem við er að etja þegar fræðimenn reyna að ná tökum á fyrirbrigði dulpekinnar og hlutverki þess í menningu nútímans. Kilcher dregur saman margar þær meginhugmyndir sem glímt er við í hinum greinunum og snúa að því hlutverki sem dulspekin gegnir sem vettvangur átaka, sáttaumleitana og sviptinga, þar sem tekist er á um afstöðuna til átrúnaðar, vísinda, fagurfræði og þekkingar.

Loks birtist aftast í þessu hefti svargrein eftir Ásgeir Berg Matthíasson, þar sem höfundur bregst við þremur greinum Guðna Elíssonar um starfsemi Vantrúar.

*Benedikt Hjartarson*